

Særindi í munnni hesta

AUKIN áhersla er nú lögð á velferð hesta bæði í keppni og frístundareidmennsku. Kastljósinu hefur meðal annars verið beint að munnni hestanna, enda um að ræða viðkvæmt svæði sem mikið reynir á í samskiptum



Ljósmynd/JE

manns og hests. Eftirlit með keppnishestum á undanförunum tveimur landsmótum leiddi í ljós að u.þ.b. fjórðungur þeirra var með særindi í munnni vegna langvarandi þrýstings á afmörkuð svæði, oftast innan á munnvikum og kinnum hestanna. Slímhúðin á þessu svæði lendir í klemmu milli méla og múla annars vegar og jaxlanna hins vegar. Við langvarandi þrýsting dregur verulega úr blóðflæði til slímhúðarinnar sem þar með missir styrk sinn. Þetta gerist fyrst og fremst vegna þess að taumhald knapanna er allt of stíft auk þess sem beislisbúnaðurinn er í mörgum tilfellum óheppilegur. Þau mál sem eru í notkun hér á landi eru oft á tíðum of löng fyrir munn íslenska hestsins sem leiðir til þess að endar þeirra dragast upp til móts við jaxlana þegar togað er í taum í stað þess að átakið eigi sér stað á tannlausa bilinu. Tekið skal fram að röspun tanna, sem lengi hefur tíðkast til varnar særindum í munnni, er að öllu jöfnu ónauðsynleg og getur valdið miklum skaða á tönnunum.

Skýrsla um heilbrigðissskoðun keppnishesta á Landsmóti hestamanna 2008 er nú aðgengileg á vef Matvælastofnunar www.mast.is.